

AUGLÝSING

um uppsögn viðskiptasamnings við Danmörku.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík 8. og 22. október 1987 var samningi frá 4. júní 1948 um viðskipti milli Íslands og Danmerkur sagt upp, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 68/1948. Uppsögnin öðlaðist gildi 22. október 1987.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Útanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. október 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Nr. 23

20. nóvember 1987

AUGLÝSING

um samning um einföldun formsatriða í viðskiptum.

Samþykktarskjal Íslands vegna samnings um einföldun formsatriða í viðskiptum, sem gerður var í Interlaken 20. maí 1987, var afhent skrifstofu ráðs Evrópubandalaganna 28. október 1987. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1988.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Útanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. nóvember 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um einföldun formsatriða í vöruviðskiptum

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur, ríkjasambandið Sviss og konungsríkið Svíþjóð (hér á eftir nefnd EFTA-löndin) og Efnahagsbandalag Evrópu (hér á eftir nefnt bandalagið),

sem hafa í huga fríverslunarsamningana milli bandalagsins og einstakra EFTA-landa,

hafa í huga sameiginlega yfirlýsingu um evrópskt efnahagssvæði, sem samþykkt var af ráðherrum EFTA-landanna og aðildarríkja bandalagsins og framkvæmdanefnd Evrópubandalaganna í Lúxemborg 9. apríl 1984, sérstaklega með tilliti til einföldunar á landmæraeftirliti og upp-runareglum,

hafa í huga að í þeim tilgangi að styrkja innri markaðinn hefur bandalagið ákveðið að taka upp samræmt stjórnsýsluskjal til notkunar í slíkum viðskiptum frá 1. janúar 1988,

telja það við hæfi að einfalda líka formsatriði í vöruviðskiptum milli bandalagsins og EFTA-landanna, svo og milli EFTA-landanna sjálfra, sérstaklega með því að taka upp samræmt stjórnsýsluskjal,

hafa í huga að engin ákvæði samnings þessa má túlka sem svo að þau leysi samningsaðila undan skyldum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum,

hafa ákveðið að gera eftirfarandi samning: